

Nd.

## 20. Frumvarp

til námulaga.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson og Sigurður Gunnarsson.

### 1. kafli.

#### *Um málmleit.*

#### 1. gr.

Sérhverjum skal heimilt samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir að leita málma og málblendinga í landeignum landssjóðs og lénskirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afréttum, sem eigi liggja undir jarðeignir einstakra manna eða sveitarfélaga, sem metnar eru til dýrleika. Sama gildir og um landsjóðs- og kirkjujarðir, sem seldar verða eftir að lög þessi ganga í gildi, og um jarðir, sem áður eru seldar samkvæmt lögum nr. 31, 20. október 1905 um sölu þjóðjarða, og lögum nr. 50 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða.

#### 2. gr.

Sá, sem vill málmleit gera, skal hafa málmleitarbréf og sýna það jarðar-ábúanda áður en hann byrjar málmleit. Áður en hann tekur til málmleitar, skal hann setja þá trygging, er bréfið tiltekur, fyrir skaða þeim, er kann að hljóta, af málmleitinni. Tryggingu þessa getur málmleitarmaður þó komist hjá að setja, ef hann lýsir því yfir skriflega, að hann ætli sér ekki að gera neitt jarðrask á túnnum eða í matjurtagörðum jarðanna, þar sem hann ætlar sér að leita, og skal það þá tekið fram í málmleitarbréfinu, að hann hafi ekki rétt til að leita að málmum, sem jarðrask fylgir í túnnum eða matjurtagörðum, nema trygging sé sett. Eigi má þó krefjast hærri tryggingar en sem nemur 200 krónum.

Málmleitarbréf gefur lögreglustjóri, og veitir það þeim mönnum einum, sem honum eru persónulega kunnir, eða sanna það með vottorði tveggja skilríkra manna hverir þeir séu.

Málmleitarbréf gildir 2 ár frá dagsetningardegi, og að eins í lögsagnar-umdæmi útgefanda.

Leyfisbréf til málmleitar á almenningum og öðrum landssvæðum, sem eigi eru metin til dýrleika, gefur lögreglustjóri sá einnig út, sem næstur er, og skal leitarsvæðið til tekið.

Útlendingar og innlendir menn, sem dvelja langvistum erlendis, skulu um leið og þeir beiðast málmleitarbréfs og tilkynna nálmfund, tilkynna lögreglustjóra skriflega, hver sé umboðsmaður þeirra á Íslandi; að öðrum kosti má eigi veita þeim málmleitarbréf né taka nálmfundartilkynningu þeirra til greina.

Fyrir málmleitarbréf skal greiða 2 krónur í landssjóð.

#### 3. gr.

Á túni eða öðru ræktuðu landi, eða á stöðum, sem liggja nær íbúðarhúsum, útihúsum eða öðrum mannvirkjum, svo sem brúm, en 130 metra, má málmleit eigi gera með öðrum áhöldum en hökum og skóflum, eða öðrum áþekk-

um áhöldum, án leyfis jarðarabúanda. Á alfaravegum má ofanjarðar málmgröftur eigi fara fram, og alls enginn málmgröftur i kirkjugörðum eða grafreitum.

Ef málmgröftur fer fram með öðrum áhöldum en hökum og skóflum, eða áþekktum áhöldum, i minni fjarlægð en 200 metra frá íbúðarhúsi annars manns eða alfaravegi, skal málmleitarmaður, að viðlagðri hæfilegri sekt, alt að 50 krónum, gera íbúum hússins viðvart, þegar hann ætlar að sprengja grjót, og setja vörð á veginn til að viðvara vegfarendur. Nú vanrækir hann þetta, og skal hann þá, auk sektarinnar, bæta þann skaða, er af vanrækslu þessari kann að hljótast.

#### 4. gr.

Nú er gerð gryfja til að leita að málm, og skal þá sá, er gerði, hvort sem er á eigin landi eða annarra, halda uppi gripeldri girðingu um hana, svo framarlega sem hún er orðin svo djúp, að alidýr geti farið sér að voða. Ef hætt er grefti, skal sá er gerði annaðhvort fylla gryfjuna, eða girða hana tryggilega. Vanræki hann þetta, sæti hann alt að 50 króna sekt og bæti skaða þann, sem af kann að hljótast.

#### 5. gr.

Sá sem hindrar nokkurn i lögmatrí málmleit sæti sektum 5—50 króna, og bæti þar að auki málmleitarmanni allan skaða, sem hann sannar, að hann hafi beðið við það.

#### 6. gr.

Nú finnur málmleitarmaður vott þess að fyrir sé málmur, og skal hann þá svo framarlega sem hann vill njóta fundar sins framar öðrum, senda skriflega tilkynningu i tveim eintökum um fund sinn til lögreglustjóra. Í tilkynningunni skal nákvæmlega tilgreina málmtegundina, fundarstaðinn og tilnefnda 2 votta, er á hann geti visað. Lögreglustjóri skal rita á tilkynningarnar ár og dag og klukkustund, er þær bærust honum, og hafi annar maður síðustu 2 árin þar á undan sent á lögmatan hátt tilkynningu um málmfund á sama svæði, skal lögreglustjóri rita athugasemd um það á tilkynningarnar. Annað eintakið af tilkynningunni afhendist þegar tilkynnanda gegn 1 kr. gjaldi i landssjóð, en lögreglustjóri ritar i námubókina ár og dag og klukkustund tilkynningarinnar, málmfundarstaðinn, svo og athugasemdir sínar við tilkynninguna.

Finnandi skal því næst annast um, að þeim, sem landið hefir til nytja, sé birt innan 8 vikna að viðstöddum 2 vottum, að tilkynning um málmfund hafi fram farið.

Tilkynning um málmfund skal tekin fullgild, þótt finnandi hafi eigi fengið málmleitarbréf áður en hann tilkynti málmfundinn, svo framarlega sem hann hefir eftir lögum þessum rétt til að fá greint bréf.

## 2. kafli.

### *Um málmgraftarbréf.*

#### 7. gr.

Heimill er málmgröftur til allra málma og málblendinga á landssvæðum þeim, sem getur um í 1. grein.

#### 8. gr.

Nú vill sá, sem fundið hefir vott um að málmur sé fyrir, grafa þar til málms, og skal hann þá innan 2 ára frá tilkynningu um fundinn, sbr. 7. gr., senda skriflega beiðni um graftarleyfi til lögreglustjóra. Í umsókninni skal tilgreint til hvaða málms eða málma umsækjandi ætli að grafa.

Frá þeim tíma er tilkynningin um fundinn fór fram, samkvæmt 6. gr., og til loka þessara 2 ára getur síðari málmfundur ekki svipt fyrri finnanda rétti til útmælingar þeirrar, er 3. kafli laga þessara heimilar honum.

Sé aftur á móti vanrækt að senda nefnda umsókn innan þessara 2 ára, er öllum heimilt að notfæra sér málmfundinn.

Lögreglustjóri ritar þegar á málmgraftarbeiðnina dag og klukkustund, er hún barst honum, og gefur síðan út málmgraftarbréf. Skal þar tilkynt nafn, heimili og staða málmgraftarmannsins, og í hvaða jörð eða hvar málmfundarstaðurinn sé.

Eigi má neita neinum um málmgraftarbréf, sem tilkynt hefir málmfund, en fari svo, að fleiri en eitt bréf verði veitt fyrir sama málmfundarstað, skal fyrsti finnandi hafa forgangsrétt, hafi hann gætt ákvæða laga þessara.

Málmgraftarbréf skal innfært orðrétt í námubréfabókina.

#### 9. gr.

Nú vill einhver taka upp vinnu á málmleitarstöðum eða í námugryfjum, sem öllum er orðinn heimill finnandaréttur að, eða gera tilraun til að vinna málm úr uppgrefti eða öðru úrkasti úr og við námur, sem hætt hefir verið við, og skal þá tilkynning um það fram fara á sama hátt og fyrirskipað er um tilkynningar um nýja málmfundi. Innan 12 mánaða frá því tilkynningin var gerð, skal tilkynnandi, að viðlögðum réttarmissi, sækja um málmgraftarbréf hjá lögreglustjóra.

#### 10. gr.

Fyrir málmgraftarbréf skal greiða 2 krónur í landssjóð.

## 3. kafli.

### *Um útmæling undir námu og um námubrunna.*

#### 11. gr.

Hver sá, sem fengið hefir málmgraftarbréf fyrir málmfundarstað (8. gr.) á heimtingu á að fá útmælt námusvæði, og næga lóð undir hús fyrir námuverka-

fólk, námuafurðir, vélar og uppgröft, annaðhvort á sjálfu námusvæðinu eða utan við það.

Sá, sem fengið hefir útmælt námusvæði, samkvæmt ákvæðum þessa kafla á einn rétt til málmnáms á því.

Hver sá, sem fyrst hefir tilkynnt málmfund, og rétt hefir samkvæmt lögum þessum til að fá útmælingu, getur krafist að fá 15 útmælingar, sem nefnast námuteigar, á sama námusvæði (í æð eða lagi), fyrir utan lóð undir hús fyrir verkafólk, námuafurðir, vélar og fyrir uppgröft. Sá sem síðar tilkynnir málmfund á sama stað, og rétt hefir til að fá útmælingu, skal eigi fá meira en fimm námuteiga. Hlutafélög, sem rétt hafa til þess að fá sér útmælda námuteiga geta krafist að fá útmælda á sama námusvæði fimm námuteiga fyrir hvern hluthafa í félaginu, sem tilkynnt hefir málmfund á löglegan hátt, og 10 námuteiga að auki, ef félagið, eða félagsmaður, hefi fyrst tilkynnt málmfundarstaðinn, og gætt fyrir mæla laganna að öðru leyti.

#### 12. gr.

Útmælingar skal beiðast af lögreglustjóra; framkvæmir hann útmælingarnar og færir gerðina í námubréfabókina og afhendir beiðanda staðfesta útskrift úr henni.

#### 13. gr.

Útmæling námusvæðis skal vera réttþyrndur ferhyrningur, 10,000 ferhyrnings metrar að flatarmáli, ef málmurinn liggur í lagi, en liggi hann í æð eða æðum, skal sá, er útmælingar beiðist, sjálfur tiltaka lengd, breidd og stefnu námuteiganna, þó svo, að öll útmælingin eigi verði stærri en að ofan segir.

Takmörk útmælingarinnar skal vera lóðrétt í jörð niður.

#### 14. gr.

Málmfundarstaðurinn skal vera innan takmarka útmælingarinnar, en mæla má í hverja þá stefnu er sá óskar, er útmælingar beiðist, svo framarlega sem það ekki kemur í bága við réttindi annara námurekanda eða 3. gr.

#### 15. gr.

Innan 6 mánaða í síðasta lagi frá því útmælingar hefir verið krafist, skal lögreglustjóri láta hana fram fara.

#### 16. gr.

Lögreglustjóri ákveður hvaða dag útmælingin skuli fara fram, og tilkynnir það beiðanda í tækan tíma, svo hann geti verið viðstaddur eða umboðsmaður fyrir hann; svo skal lögreglustjóri og tilkynna með ábyrgðarbréfi þeim, sem hefir umráðarétt yfir landinu, og þeim, sem rétt hafa til málmgraftar, eða lýst hafa málmfundi á sama stað, svo og umboðsmönnum þeirra manna, sem eiga að hafa umboðsmenn á Íslandi (2. gr.)

17. gr.

Fyrir útmæling hvers námuteigs, 10.000 ferhyrnings metra, skal greiða lögreglustjóra 4 krónur og að auki ferðakostnað og dagpeninga samkvæmt lögum nr. 2, 2. febrúar 1894, 4. og 6. gr.

Enn fremur greiði námuhafi til jarðareiganda, (landssjóðs eða kirkju) árlegt leigugjald, 5 krónur fyrir hvern námuteig, og til jarðarábúanda 1 krónu. Auk þess greiði námuhafi jarðarábúanda lóðargjald fyrir hús og byggingar á námustaðnum, 5 auru fyrir hvern ferhyrningsmeter.

18. gr.

Innan 2 ára frá því útmæling fór fram skal námuhafi byrja á reglulegum námugrefti, ef náman liggur ekki lengra frá sjó en 10 kílómetra, þar sem þilskip geti tekið málminn, innan 3 ára, ef náman liggur fulla 20 kílómetra frá slíkum hafnastað, og svo einu ári síðar fyrir hverja 10 kílómetra úr því, sem vegalengdin eykst, þó eigi lengur en 8 ár.

Vegalengdin skal talin eftir því sem almennir vegir liggja að hafnarstaðnum frá námunni, séu þar nokkurir vegir, en annars beinustu leið, þar sem torfærir eru minstar að hafnastaðnum.

Verði ágreiningur um vegalengdina, getur lögreglustjóri látið mæla hana á kostnað námuhafa.

19. gr.

Á námusvæði, sem einn maður eða félag hefir fengið útmælt, nægir að hafa einn námubrunn, þótt útmælingar séu fleiri en ein. Hið sama er og ef fleiri menn, sem fengið hafa útmælingar, ganga í félag eftir að útmælingarnar fóru fram.

4. kafli.

*Um fresti.*

20. gr.

Nú hefir ekki verið byrjað á reglulegum námugrefti innan ákveðins tíma, samkvæmt 18. gr., eftir að útmæling fór fram, skal námuhafi þá tilkynna lögreglustjóra orsakirnar og beiðast frestsbréfs, ef hann vill halda námuréttinum.

Ef drátturinn stafar af því, að eigi hefir fengist nægt veltufé í tíma, til að geta rekið námuna, eða ekki hafi verið hægt að flytja nægt sprengiefni að námunni eða þýðingarmikil áhöld til þess að geta byrjað á reglulegum námurekstri, eða miklir örðugleikar séu á að koma málminum til sjávar, og því líkar hindranir, þá skal lögreglustjóri veita námuhafa frestbréf, sem gildir í tvö ár, ef námuhafi sannar, að hann hafi varið minst 50 dagsverkum á hverju ári eftir að útmæling fór fram, til þess að rannsaka námuna.

Að þessum tveim árum liðnum má ekki veita frest, nema ókleift sé að flytja nægt sprengiefni til landsins og að námunni, eða óvenjulega miklir örðugleikar séu á að koma málminum til sjávar. Standi svo á, skal enn veita 1 árs frest.

Ef enn er ekki byrjað á námurekstri, hefir námuhafi mist að fullu námu-rétt sinn.

21. gr.

Nú er byrjað á námurekstri, en hann stöðvast lengur en 6 mánuði árs-ins, skal námuhafi þá innan 2 mánaða frá því þessir 6 mánuðir eru liðnir, skýra lögreglustjóra frá orsökunum og beiðast frestbréfs, ef hann vill halda námurétt-inum. Frest þennan og frestbréf skal lögreglustjóri veita, ef beiðandinn færir sannanir fyrir því, að fyrir rekstrinum séu í svipinn verulegar tálmanir, svo sem að óvenjulega mikið vatn sæki í námuna, að eigi sé hægt að ná að sér sprengi-efni nema með afarkostum eða þýðingarmiklum áhöldum, að náman hafi reynst óarðvænlegri en útlit var fyrir í upphafi námugraftarins, veltufé vantar til þess að geta rekið námuna og því líkar hindranir. Eigi má þó veita slíkan frest lengur en 2 ár.

22. gr.

Úrskurði lögreglustjóra um frestbeiðnina getur námuhafi og hver annar, sem málið varðar, skotið undir endilegan úrskurð gerðardóms; velur námuhafi einn mann í gerðardóm, stjórnarráðið einn, og dómsforseti landsyfírréttar skal ávalt vera oddamaður.

23. gr.

Þegar frestur, sem veittur hefir verið á rekstri námu, er útruuninn, skal rekstur þegar hafinn, en hafi verið sótt um frest og lögreglustjóri neitað honum, en gerðardómur samkvæmt 22. gr. úrskurðar að veita frestinn, skal námuhafi byrja rekstur námunnar innan 3 mánaða frá því gerðardómurinn veitti honum frestinn, og skal fresturinn talinn frá dagsetningardegi úrskurðarins.

24. gr.

Nú spillist náma, án þess námurekanda verði gefið að sök, af vatni úr annari námu, sem rekstursfrestur er á, og er þeim námurekanda þá skylt að ausa námu sína, en geri hann það ekki, hefir hann fyrirgert námurétti sínum. Þó nær þetta ekki til þess, er fyrstur hefir tilkynt málmfund á þessu svæði.

25. gr.

Frest má eigi veita á rekstri námu, er valdið hefir vatnsrenslí í nágranna-námur, nema þeim, er fyrstur tilkynti málmfund, eða námurekandi, sem fyrir vatnsaðsókninni verður, samþykki.

26. gr.

Frestbréf skulu innfærð orðrétt í námubrэфabókina. Fyrir frestbréf greið-ast 10 kr. í landssjóð.

## 5. kafli.

### *Um vegi, vatnsafnot og bryggjugerð.*

#### 27. gr.

Sérhver sá, er fengið hefir útmælt námusvæði, á rétt á að leggja vegi yfir land jarðarinnar fyrir flutning að og frá námunni, hvert sem hann þarfnast, svo og að gera fyrirhleðslu fyrir vatn. Vegir þessir og fyrirhleðslur mega þó ekki liggja yfir tún eða matjurtagarða, nema ábúandi samþykki; og verði að leggja veg eða fyrirhleðslu yfir engjar jarðar, getur lögreglustjóri heimtað að hæfleg trygging sé sett fyrir því að jarðspell, sem af vegalagningu eða fyrirhleðslu stafar, verði bætt að fullu.

#### 28. gr.

Heimilt er námuhafa að nota vatn eftir þörfum við námureksturinn, en eigi má hann að neinu leyti rýra vatnsból ábúanda, ef náman liggur á ábúðarjörð, nema með hans samþykki.

Ennfremur er námuhafa heimilt að nota vatn og vatnsafl til reksturs véla og til málmþvottar við námuna, að svo miklu leyti sem það ekki þegar er notað til reksturs annars iðnaðar.

Sé skortur á vatni á eða nálægt námustaðnum, þá á sá, sem fyrstur tilkynti málmfund, forgangsrétt að afnotum vatns og vatnsafls eftir þörfum.

#### 29. gr.

Ef jörð, sem náma finst í, liggur að sjó, á námuhafi rétt á að byggja bryggju eða hafnarkvi við sjóinn, til þess að létta fyrir fermingu og affermingu skipa, þó svo, að eigi sé spilt æðarvarpi eða laxveiði jarðar.

## 6. kafli.

### *Um rekstur námu og eftirlit.*

#### 30. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að setja reglugjörð um rekstur námu, skal þar meðal annars sett ákvæði er miða að því, að vernda líf og heilsu verkafólks í námunum, að námur séu tryggilega grafnar, að greinileg mörk séu sett í kringum útmæld námusvæði og um afrenslis vatns frá námu; svo skulu og vera ákvæði um eftirlit með þeim af hendi stjórnarvalda.

Fyrir brot á móti reglugerð má ákveða sektir allt að 1000 kr.

#### 31. gr.

Við hverja námu skal vera bók, og skal í hana rita yfirlit yfir námureksturinn um hvern mánuð. Þar skal og rita skýrslu um það, sem við hefir borið, eða tekið hefir verið eftir og snertir námuna eða málmæðarnar, og sérstaklegt þykir eða athugavert. Skal útdráttur úr bók þessari um hvert ár sendur til stjórnarráðsins.

Stjórnarráðinu skal heimilt að krefjast þess, að námurekandi láti gera

nákvæman uppdrátt af námu sinni, ef dýpri er en 10 metra, og síðar verði bætt við uppdráttinn er náman stækkar.

## 7. kafli.

### *Um niðurlagning námu.*

#### 32. gr.

Þegar náma er lögð niður, skal námurekanda þeim, er hættir við námunu, heimilt að nota uppgröftinn úr henni, þótt annar byrji að reka námuna, ef hann byrjar eigi síðar að nota uppgröftinn en 11 mánuðum eftir að náman lagðist niður.

#### 33. gr.

Nú ætlar námurekandi að hætta við námu sína, og skal hann þá, að viðlagðri 30 kr. sekt, tilkynna það lögreglustjóra 2 mánuðum áður, svo og hvort hann ætli að nota uppgröftinn. Jafnframt skal hann senda uppdrátt þann, sem gerður kann að hafa verið af námunni. Tilkynningar þessar skulu innfærðar í námubrjefabókina.

#### 34. gr.

Nú er námurekstri hætt, eða rétturinn til að halda honum áfram er fallinn burt, og má þá fráfarandi ekki spilla neinu af því, eða flytja neitt burt af því, sem gert hefir verið til að halda námunni og göngum heunar tryggum. Brot á móti ákvæðum þessarar greinar varða sekt alt að 1000 kr.

## 8. kafli.

### *Almenn ákvæði.*

#### 35. gr.

Fyrir jarðspell, er málmleit og námurekstur kann að hafa í för með sér, skal, ef hlutaðeigendur verða eigi um annað ásáttir, greiða fullar bætur eftir mati þriggja óvilhallra dómkvaddra manna. Bæturnar greiði málmleitandi eða námu-eigandi, og renna þær til jarðarábúanda.

#### 36. gr.

Auk námubrjefabókar þeirrar, er gert er ráð fyrir í lögum þessum, skal lögreglustjóri hafa námuregistur, þar sem hver námustaður hefir sinn sérstaka dálk, og skal alt það, sem að einhverju leyti leggur námuréttarbönd innfært á dálk staðarins og jafnframt vísað til gerðarinnar í námubrjefabókinni.

Samkvæmt þessum bókum skal lögreglustjóri gefa hverjum, sem þess æskir, námubrjefabókarvottorð gegn 1 kr. gjaldi í landssjóð.

#### 37. gr.

Stjórnarráðið löggildir námubækur lögreglustjóra.



38. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er getur um í 30. gr., skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í landssjóð.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er þau eru birt í Stjórnartíðindunum og frá sama tíma eru námulög nr. 61, 22. nóv. 1907 úr gildi fallin.